

Hafnarfjarðarbær
Dr. Bjarki Jóhannesson,
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarfjarðar
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður



Minjastofnun
Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300, Bréfsími: 570 1301
www.minjastofnun.is

Reykjavík 27. janúar 2014
Fvr 2013110018/KM

Efni: Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005 – 2025, tillaga að endurskoðun.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið bréf skipulagsstjóra/skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar frá 11. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögum um tillögu að endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005 -2025. Tillagan, greinargerð, uppdráttur og umhverfisskýrsla voru send með tölvupósti. Þann 23. janúar barst stofnuninni tölvupóstur frá sama aðila þar sem ósk um umsögn er ítrekuð og gerð grein fyrir breytingum á tillögunni frá því fyrra bréfið var sent. Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á afgreiðslu umsagnarinnar.

Húsvernd.

Mikil áhersla er lögð á húsvernd á grundvelli hverfisverndar í fyrirliggjandi tillögu að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Þó að ekki hafi verið unnin heildstæð húsakönnun fyrir eldri byggð í Hafnarfirði byggir skilgreining verndarsvæða og gerð skilmála augljóslega á vandaðri og faglegri undirbúningsvinnu. Undir liðnum Hverfisverndarsvæði E í greinargerð er sett fram tillaga um 5 flokka húsverndar sem byggja á greiningu byggðar í eldri hluta bæjarins eftir aldri og mikilvægi. Sett eru fram skýr hverfisverndarákvæði (HVe1-HVe15) fyrir hvern þessara flokka þar sem tilgreint er hvaða skilmálum þarf að fylgja við endurbætur og breytingar innan hvers verndarsvæðis. Áhersla er lögð á að allar breytingar verði í samræmi við aðliggjandi mannvirki og götumynd í heild sinni. Ekki verður veitt heimilt að rífa hús nema í undantekningartilfellum. Í skilmálunum er vakin athygli á samspili hraunmyndana og byggðar sem er eitt helsta sérkenni Hafnarfjarðar. Jákvætt er að í hverfisverndarákvæðum (Hve11-Hve15) er einnig hugað að byggingarlistarlegum einkennum byggðar frá miðbiki 20. aldar. Sett eru skilyrði um yfirborðsáferð húsa, þak- og gluggagerðir. Fram kemur að í viðauka við aðalskipulagið sem er í vinnslu verði nánar fjallað um hverfisvernd byggðar, „Tillaga að húsverndun“.

Minjastofnun Íslands fagnar þeirri áherslu sem lögð er á húsvernd í fyrirliggjandi tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Stofnunin gerir engar efnislegar athugasemdir við það sem þar kemur fram, svo sem afmörkun verndarsvæða og skilmála sem settir eru fram til að varðveita einkenni byggðarinnar. Enda þótt að ekki hafi verið unnin ýtarleg könnun á varðveislugildi einstakra húsa í eldri hlutum bæjarins byggir stefnumörkunin á vandaðri og faglegri undirbúningsvinnu. Meira er horft til heildaryfirbragðs og einkenna byggðar frá ólíkum

tímabilum og settir fram bindandi skilmálar sem líklegir eru til að tryggja að söguleg einkenni byggðarinnar haldi sér.

Fornleifar.

Í greinargerð með tillöggunni er víða fjallað um fornleifar. Í fyrsta kafla greinargerðarinnar þar sem fjallað er um framtíðarsýn og markmið segir að unnið verði áfram að fornleifaskráningu á öllu landi Hafnarfjarðar og merkingu minja um eldir tíma. Í umhverfisskýrslu kemur fram að fornleifaskráningunni sé ætlað að vera stefnumótandi fyrir vernd menningarminja í bænum. Í lögum um menningarminjar (Nr. 80/2012), sem vitnað er til í forsendukafla greinargerðarinnar, segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi og deiliskipulagi. Í Hafnarfirði hefur mikil vinni verið lögð í að skrá fornleifar í sveitarfélaginu. Til er fjöldi skýrslna sem greina frá slíkum verkefnum, sjá meðf. lista. Minjastofnun Íslands telur mikilvægt að gerð verði áætlun um að ljúka skráningu fornleifa í sveitarfélaginu og að þau svæði þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir á næstu árum en ekki hafa verið skráð verði sett í forgang.

Í kafla 3.1.4 í greinargerð er fjallað sérstaklega um fornminjar og þau lagaákvæði sem kveða á um skráningu og vernd þeirra. Í kafla 2.2.21 í greinargerð er fjallað um minjavernd. Þar eru m.a. taldar upp þær fornleifar sem eru friðlýstar í bæjarlandi Hafnarfjarðar. Þessar fornleifar hafa verið merktar á skipulagsupprætti. Í kafla 2.2.23 er umfjöllun um hverfisverndarsvæði. Þar má sjá að menningarminja hafa haft töluvert vægi við skilgreiningu slíkra svæða í gegnum tíðina og að fyrirhugað er að skilgreina enn fleiri hverfisverndarsvæði þar sem menningarminjar er að finna. Undir fyrirsögninni „Hverfisverndarsvæði D“ í þessum kafla er fjallað um fornleifar sem hafa verið friðlýstar skv. þjóðminjalögum (nú lögum um menningarminjar). Tillögur eru um að hverfisvernda svæði umhverfis friðlýsinguna sjálfa eins og segir í greinargerðinni. Fornleifarnar sem um ræðir eru tóftir gömlu bæjarhúsanna að Setbergi, kapellan við Straumsvík og Óttarsstaðafjórðing. Fram kemur að hverfisverndin skuli taka mið af friðlýsingu minjanna en til viðbótar skuli stækka það svæði sem ekki má raska í 50 m út frá sýnilegum minjum. Það er lofsvert að bæjarfélagið skuli leggja áherslu á varðveislu þessara minja með sérstakri hverfisvernd á þeim svæðum þar sem þær eru. Minjastofnun Íslands vekur þó athygli á því að í 22. gr. laga um menningarminjar segir að fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Í sumum tilfellum er ákvæðið um 100 m friðhelgað svæði kringum friðlýstar fornleifar ekki raunhæft miðað við aðstæður eins og þær eru í dag. Þá þarf að skilgreina verndarsvæðið miðað við aðstæður á hverjum stað.

Í kafla 2.2.24 í greinargerð er m.a. fjallað um stofnbrautir. Þar kemur fram að í endurskoðun aðalskipulagsins er Reykjanesbrautin sett í nýtt vegstæði sunnan Straumsvíkur. Árið 2011 kom Fornleifavernd ríkisins (forveri Minjastofnunar Íslands), í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ og Vegagerðina, að því að að skoða mögulega legu Reykjanesbrautar á þessu svæði. Ljóst er að verði Reykjanesbraut sett í þetta nýja vegstæði mun það hafa áhrif á fornleifar í landi Þorbjarnarstaða og Óttarsstaða. Þegar kemur að endanlegri hönnun vegarins þarf að leita álits Minjastofnunar Íslands á framkvæmdinni sem þá ákveður til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið gagnvart fornleifum á svæðinu.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að umhverfismat aðalskipulagsins nái til allra stefnumiða í eftirtöldum fimm málaflokkum: Byggð, atvinnulífi, samgöngum, umhverfi og menningu og

samfélagsþjónusta. Meðal umhverfisþátta sem valdi voru til að nota við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsins var náttúru- og menningarminjar.

Áhrif stefnumiða í byggðamálum eru talin hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfisþættina náttúru- og menningarminjar. Jákvæð áhrif eru sögð líkleg til að koma fram í varðveislu sérkenna bæjarins og menningarminja og stefnumiðum sem munu stuðla að því að röskun hrauna við uppbyggingu bæjarins verði takmörkuð eins og kostur er. Neikvæð áhrif eru einkum talin verða á land og náttúruminjar. Áhrif uppbyggingar atvinnulífs og samgöngumannvirkja er talin geta orðið talsvert neikvæð á náttúru- og menningarminjar. Þó er bent á að aukin athygli og umfjöllun um minjar muni styrkja kröfur um verndu, viðhald og fræðslu um þær. Í umfjöllun um uppbyggingu athafna- og iðnaðarsvæða í hrauni segir að við deiliskipulag verði gerð nákvæm fornleifaskráning og í kjölfarið lagt mat á minjar með það að markmiði að forða neikvæðum áhrifum á þær. Minjastofnun Íslands leggur áherslu á að alls staðar þar sem skipulag svæða kallar á framkvæmdir þarf að viðhafa slík vinnubrögð. Stefnumið í umhverfismálum, menningarmálum og samfélagsþjónustu eru talin vera talsvert jákvæð á náttúru- og menningarminjar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar stendur m.a.:
Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. m.gr. 29. gr. laganna sem hljóðar svo: Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.